



FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA  
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112  
fg@ki.is • www.ki.is

## Ársfundur FG 2016

Haldinn á Hótel Sögu föstudaginn 11. mars kl. 10 - 16

*Mætt:* Ólafur Loftsson (ÓL), Guðbjörg Ragnarsdóttir (GR), Mjöll Matthíasdóttir (MM), Rósa Ingvarsdóttir (RI), Sigurður Halldór Jesson (SHJ), Geirlaug Ottósdóttir (GO), Kristjana Hrafnisdóttir (KH), Hulda Hauksdóttir (HK), Nanna María Elfarsdóttir (NME), Sigfús Aðalsteinsson (SA), Hildur Jórunn Agnarsdóttir (HJA), Bergmann Guðmundsson (BG), Sigurhanna Friðþórsdóttir (SF), Guðbjörg Íris Atladóttir (GÍA), Svava Hjaltalín (SH), Páll Erlingsson (PE), Margrét Þórisdóttir (MP), Lára Guðrún Agnarsdóttir (LGA), Theódóra Skúladóttir (TS) Þórunn Steindórsdóttir (ÞS), Elísabet Gunnarsdóttir (EG), Elís Þór Sigurðsson (EPS), Hulda María Magnúsdóttir (HMM), Sigrún Ásmundardóttir (SÁ) og Baldur Þorsteinsson (BÞ).

### Dagskrá ársfundar:

1. Fundur settur. Val á fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar FG 2015
3. Ársreikningur 2015
4. Kynning á starfi nefnda
5. Vinnuhópar
6. Önnur mál

### 1. Fundarsetning

Ólafur Loftsson setur fundinn og fer yfir hverjir eiga seturétt á honum og kynnir dagskrá fundarins. Kosning starfsmanna: Fundarstjóri Mjöll Matthíasdóttir, fundarritari Guðbjörg Ragnarsdóttir Mjöll tekur við stjórn fundarins og býður gesti velkomna. Nafnakall – fundarmenn kynna sig stuttlega.

### 2. Skýrsla stjórnar

ÓL flytur skýrslu stjórnar

- A. Kynntar breytingar á stjórn en fyrsti varamaður sækir fundi vegna kjaraviðræðna
- B. Farið yfir síðasta kjarasamning, kosningaþátttöku, kosti og galla.
- C. Lífeyrissjóðsmál
- D. Skólamálanefnd og vinna hennar varðandi ofbeldi gagnvart kennurum, vinna með list- og verkgreinakennurum, þátttaka í læsismálefnum. Útgáfa Skólamolans.
- E. Tilnefning í nefndir og ráð í kjölfar aðalfundarsamþykktar
- F. Erlent samstarf
- G. Nýr Fræðslusjóður kynntur
- H. Breyting á Vonarsjóði, nafni og reglum
- I. Skýrslur svæðafélaga

Ólafur þakkar öllum fyrir þau miklu og góðu störf sem félagsmenn hafa unnið fyrir félagið að undanförunu.

### 3. Ársreikningur 2015

Reikningar lagðir fram til kynningar. Mjöll Matthíasdóttir kynnti helstu niðurstöður í ársreikningi FG og gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Hagnaður varð af reglulegum rekstri félagsins. Stefnt er að árlegri endurskoðun fjárhagsáætlunar og að endurskoðuð áætlun sé borin undir ársfund.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

- Umræður um C þátt kjarasamnings

### 4. Kynning á starfi sjóða og nefnda

Orlofssjóður, Elís Þór Sigurðsson

- Sjóðsstjórn framfylgir ályktunum 6. þings KÍ
- Niðurskurður í rekstri m.a. vegna þess að FLS og FL lækkuðu framlag sitt í samræmi við önnur aðildarfélög
- Meðalinnkoma er tæpar 12.000 pr. félaga og er það sem er til skiptanna í ferðablaðið, niðurgreiðslu orlofstilboða og í annan kostnað
- Stefnt er að því að byggja ný hús í Kjarnaskógi við Akureyri
- Allar fundargerðar komnar á vefinn
- Mikið viðhald hefur verið á Sóleyjargötu. skipt um sængur og kotta og kostar mikið.
- Ein ný eign á Englandi og þrjú hús á Spáni í ár
- Ferðablaðið 2016 er komið út
- Happadrætti um tvö hús á Flúðum í sumar til að koma til móts við fólk með fáa punkta
- Hægt að fá gjafabréf í flug og nálgast öll kort (ferða-, veiði- o.s.frv.) eru þau seld á kostnaðarverði
- Erfitt að fá hundahús vegna umgengni

Sjúkrasjóður Margrét Þórisdóttir

- Áhyggjuefni að langvarandi veikindi ungra kennara virðast aukast
- Umræður um hvort eigi að greiða fyrir óhefðbundnar lækningar eða ekki
- Verið að ræða um forvarnir hvað varðar munnhol og krabbameinsskimanir

Vinnudeilusjóður – Baldur Þorsteinsson

- Fjárvörsluráð ákvarðar stefnumörkun í ávöxtun sjóðsins
- Ákveðið var að halda áfram varfærinni stefnu í ávöxtun hans
- Mikil vinna lögð að finna lausn á skattlagningu verkfallsbóta en enn hefur það ekki borið árangur
- Nýjar reglur um kostnað vinnudeilna aðildarfélaga KÍ
- Sjóðurinn styrkti nýtt kosningakerfi
- Sjóðurinn studdi BHM um 15 milljónir
- Staða sjóðsins hefur batnað verulega

Vonarsjóður – Theódóra Skúladóttir

- Breytingar á reglum Vonarsjóðs sem taka gildi 2.maí
- Einhverjir skólar sem ekki eru á háskólastigi auglýsa nám sem ígildi ECTS eininga. Námið er ekki styrkhæft og hefur það valdið vandræðum
- Hlutverk sjóðstjórnar er að stýra framkvæmd reksturs o.fl.

#### Vinnuumhverfisnefnd – Sigurður Halldór Jesson

- Gerðir gátlistar fyrir kennara um vinnuumhverfi og starfsaðstæður sem kemur bráðum út
- Hávaðaverkefni í 2 leikskólum á Akureyri veturinn 2015 – 2016
- Hafðis starfsmaður KÍ og nefndar, fór á Nordisk Arbeidsmiljø Nettverk NAN
- Vinnuverndarvika í október 2015 þar sem áherslan var á streitu og efni sett inn á vef
- Dagur gegn einelti 8. nóv. 2015.
- Komu að reglugerð um einelti, kynbundinni/kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum
- Skrifað var í Skólavörðu um áhrif tölvubilunar á fólk
- Svöruðu könnun ETUCE fyrir hönd KÍ
- Starfsmaður nefndar fór á fund í Kvennó og talaði um streitu

#### Siðaráð – Mjöll Matthíasdóttir

- Erindisbréf KÍ þar sem settur er rammi og krafist er starfsáætlana er kostur
- Siðareglurnar á KÍ síðu ásamt vinnuleiðbeiningum
- Þátttaka í trúnaðarmannafræðslu KÍ
- Könnun er í gangi meðal útskriftanema í menntunarfræðum hvort þeir fái umfjöllun um málaflokkinn
- Tóku þátt í málþingi Heimilis og skóla í okt.
- Verið er að skoða þörf fyrir netsiðareglur
- Formaður siðaráðs hefur haldið ýmis erindi á síðasta ári

#### Útgáfuráð – Hulda María Magnúsdóttir

- Ný Facebook síða - aukum umræðu um kennarastarfið
- Skólavardan verður sem fyrr gefin út tvisvar á ári en verið er að smíða nýjan vef skolavardan.is. ásamt facebook síðu
- Fjölmíðlafræðsla Maríönnu verður endurtekin í apríl

## 5. Vinna í umræðuhópum

### Samningur og lengd samnings

Umræður um lengd samnings, hvers vegna ekki hafi dregið úr álagi samkv. könnun FG og hvað er til ráða.

### Efni í könnun til félagsmanna

Umræður um spurningar í könnun til félagsmanna.

### Forgangsröðun samningsatriða

Skoðað hvaða atriði þarf að setja í forgang í næsta kjarasamningi.

### Jafnlaunaröðun

Skoðaðar leiðir sem hægt er að fara til að ná fram jafnri grunnlaunaröðun félagsmanna.

### Sveigjanleg kennsluskýlda

Hverjir eru kostir og gallar við 24 – 28 kest. og meðaltal 26

## 6. Önnur mál - fundarslit

Ólafur tekur saman í stuttu máli það sem fram kom á fundinum, þakkar fyrir góða fundarsetu og mikilvægar ábendingar. Fundi slitið kl. 16:00

Ritari: Gugga